

Uppsetningar- og notkunarleiðbeiningar

Uppsetning og notkunarleiðbeiningar

Þráðlaus eining
fyrir reykskynjara Dual
2347 00



10869850 06/22

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi

P.O. Box 1220
42461 Radevormwald

Sími +49 (0) 2195 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 602 - 191
www.gira.de
info@gira.de

10869850 06/22

Þráðlaus eining

ryggisins vegna

Hætta er á alvarlegu tjóni eða meiðslum, s.s. vegna eldsvoða eða raflosts, ef ekki er gengið rétt frá raflögnum. Ekki er tryggt að frágangur raflagna fari rétt fram nema að sá sem það annast geti sýnt fram á að hann búi yfir grunnþekkingu á eftirfarandi sviðum:

- Tenging við raflagnakerfi
- Samtenging margra raftækja
- Frágangur rafmagnsleiðslna

Alla jafna búa aðeins faglærðir rafvirkjar yfir þessari þekkingu og reynslu. Sá sem ekki fer eftir þessum lágmarkskröfum er persónulega ábyrgur fyrir tjóni eða slysum sem af kunna að hljótast.

Eingöngu hæfir fagaðilar skulu annast skipulagningu og uppsetningu

Samkvæmt staðli DIN EN 14676 mega eingöngu hæfir fagaðilar sjá um uppsetningu og viðhald á reykskynjaranum. Gira býður því upp á netnámskeiðið "Viðurkenndur fagaðili fyrir reykskynjara skv. DIN EN 14676" sem lýkur með vottorði. Frekari upplýsingar um þetta má finna á "akademie.gira.de".


Þessar leiðbeiningar fylgja vörunni og skal kaupandi fá þær í hendur.

Eiginleikar vöru

Þráðlausa einingin fyrir reykskynjarann Dual (hér eftir nefnd "þráðlaus eining") gerir kleift að tengja reykskynjara af gerðinni Dual Q saman þráðlaust í Gira Funk-Bus-kerfinu.

- Áfram er hægt að nota samtengiklemmur reykskynjarans Dual eftir að þráðlausu einingunni er stungið á. Þannig má koma á samtengingu sem er bæði í gegnum leiðslur og þráðlaus.
- Þegar viðvörun er sett af stað: Hægt er að slökkva á staðbundinni viðvörun reykskynjara með þráðlausri fjarstýringu eða þráðlausum veggsendi.
- Þráðlausa einingin býður upp á millimagnarastillingu til þess að auka drægi.
- Hægt er að tengja saman allt að 40 reykskynjara.
- Þráðlausa einingin er samhfæf við eldri gerðir og er því einnig hægt að nota hana með reykskynjaranum Dual/VdS.

Lýsing á tæki



1 Rafhlöðuhólf með rafhlöðu
2 Þráðlaus eining
3 Forritunarhnappur með ljósdíóðu


Notkun þráðlausu einingarinnar

Reykskynjari Dual Q

Allar upplýsingar um reykskynjarann Dual Q (s.s. um uppsetningu, merkjagjöf o.fl.) er að finna í uppsetningar- og notkunarleiðbeiningum reykskynjarans Dual Q.

Þráðlausa einingin er notuð með eftirfarandi hætti:

1. Stingið tengipinum þráðlausu einingarinnar í einingatengið (1) á reykskynjaranum þannig að einingin skorðist.



Þráðlausu einingunni úthlutað

Úthluta verður þráðlausu einingunum svo þær geti átt samskipti sín á milli (sem sendar eða móttakarar).

Eftirfarandi möguleikar standa til boða:

- Þráðlaust samtengdur hópur settur upp (fyrsta uppsetning)
- Þráðlausri einingu úthlutað til þráðlaust samtengds hóps reykskynjara af gerðinni Dual Q (bætt við)
- Þráðlausri einingu úthlutað til þráðlaust samtengds hóps reykskynjara af gerðinni Dual/VdS (skipt um eldri tæki)
- Öllum tengingum eytt

Sett í og farið úr forritunarstillingu

Hér fer á eftir lýsing á því hvernig þráðlausa einingin er sett í forritunarstillingu og hvernig farið er úr henni.

Sett í forritunarstillingu

Haldið "Prog."-hnappinum inni (í u.þ.b. 4 sekúndur) þar til forritunarljósið blikkar. Forritunarstillingin er virk í u.þ.b. 1 mínútu.

Farið úr forritunarstillingu

Farið er sjálfkrafa úr forritunarstillingu eftir 1 mínútu. Einnig er hægt að styðja snögg t á "Prog."-hnappinn.

Þráðlaust samtengdur hópur

Þráðlausar einingar geta aðeins átt samskipti sín á milli innan hóps. Til þess þarf að setja upp þráðlaust samtengdan hóp.

Þráðlaust samtengdur hópur

Hægt er að setja eftirtalda reykskynjara upp í þráðlaust samtengdum hópum:

- Dual Q <-> Dual Q
- Dual Q <-> Dual/VdS

Gætið að hámarksfjarlægð í forritunarstillingu

Í forritunarstillingu mega þráðlausir sendar og móttakarar ekki vera í meira en 5 m fjarlægð hver frá öðrum.

Þráðlaust samtengdur hópur settur upp (fyrsta uppsetning)

1. Setjið þráðlausar einingar á alla reykskynjara af gerðinni Dual Q sem eiga að vera í sama hópi.

2. Setjið allar þráðlausu einingarnar í forritunarstillingu.

3. Á einhverjum reykskynjaranna af gerðinni Dual Q í hópnum skal halda "Prog."-hnappinum aftur inni (í u.þ.b. 4 sekúndur) þar til hljóðmerki heyrir.

4. Allar ljósdíóðurnar loga: Hópurinn hefur verið settur upp.

5. Farið úr forritunarstillingu.

Þegar reykskynjari í hópnum greinir reyk eða hækkað hitastig og gefur frá sér viðvörun gefa hinir reykskynjararnir í hópnum einnig frá sér viðvörun.

Þráðlausri einingu úthlutað til þráðlaust samtengds hóps reykskynjara af gerðinni Dual Q (bætt við)

Hægt er að bæta við þráðlaust samtengdan hóp reykskynjara af gerðinni Dual Q þar til hámarksfjölda (40 stk.) er náð.

- Hafið reykskynjara af gerðinni Dual Q (#1) sem þegar hefur verið úthlutað til taks.
- Setjið þráðlausu eininguna í reykskynjarann af gerðinni Dual Q (#2) sem hefur ekki verið úthlutað.
- Setjið báðar þráðlausu einingarnar í forritunarstillingu.
- Haldið "Prog."-hnappinum á þráðlausu einingunni á reykskynjara #1 aftur inni (í u.þ.b. 4 sekúndur) þar til hljóðmerki heyrir. Ljósdíóðurnar á báðum þráðlausu einingunum loga stöðugt og hefur þráðlausri einingu þar með verið bætt við hópinn.
- Farið úr forritunarstillingu.

Þráðlausri einingu úthlutað til þráðlaust samtengds hóps reykskynjara af gerðinni Dual/VdS (bætt við)

Hægt er að úthluta reykskynjara af gerðinni Dual Q með þráðlausri einingu til hóps reykskynjara af gerðinni Dual/VdS með þráðlausum einingum (t.d. þegar skipt er um eldra tæki).

- Setjið þráðlausu einingu einhvers reykskynjara af gerðinni Dual/VdS í forritunarstillingu.
- Setjið þráðlausu einingu reykskynjara Q í forritunarstillingu.
- Ýtið á aðgerðahnappinn á reykskynjaranum af gerðinni Dual/VdS.
- Allar ljósdíóðurnar loga og nýju þráðlausu einingunni hefur verið úthlutað til fyrirliggjandi hóps reykskynjara af gerðinni Dual/VdS.
- Farið úr forritunarstillingu.

Þráðlaus eining í millimagnarastillingu

Við afhendingu er millimagnarastillingin óvirk í þráðlausu einingunni. Millimagnarastillingin er virkjuð þegar einn eða fleiri reykskynjarar móttaka ekki lengur þráðlaus merki (eða aðeins mjög dauf merki).

Þráðlaus eining notuð sem millimagnari

Aðeins má nota eina þráðlausa einingu sem millimagnara í hverjum hópi. Merki sem send eru þráðlaust verða að geta borist til allra samtengdu reykskynjaranna.

Þegar þráðlaus eining er notuð sem millimagnari móttekur hún einnig dauf þráðlaus boð og sendir þau áfram með hámarksstyrk.

Millimagnarastilling gerð virk

- Veljið reykskynjara í hópnum sem er staðsettur miðsvæðis.
- Á valda reykskynjaranum skal halda "Prog."-hnappinum á þráðlausu einingunni inni í 10 sekúndur. Eftir u.þ.b. 4 sekúndur blikkar ljósdíóðan. Eftir u.þ.b. 10 sekúndur blikkar ljósdíóðan hraðar. Millimagnarastillingin hefur verið gerð virk.
- Farið úr forritunarstillingu.

Millimagnarastilling gerð óvirk

Hægt er að gera millimagnarastillinguna óvirka hvenær sem er.

- Veljið reykskynjarann þar sem millimagnarastillingin hefur verið gerð virk.
- Haldið "Prog."-hnappinum á þráðlausu einingunni inni í 10 sekúndur. Eftir u.þ.b. 4 sekúndur blikkar ljósdíóðan. Eftir u.þ.b. 10 sekúndur blikkar ljósdíóðan hægar. Millimagnarastillingin hefur verið gerð óvirk.
- Farið úr forritunarstillingu.

Öllum tengingum eytt


Ef endurstilla á þráðlausar einingar á upprunalegar stillingar verður að eyða öllum tengingum (við hópa, fyrir millimagnara o.s.frv.).

- Setjið í forritunarstillingu.
- Sleppið "Prog."-hnappinum.
- Haldið "Prog."-hnappinum á þráðlausu einingunni aftur inni (í u.þ.b. 10 sekúndur). Eftir u.þ.b. 4 sekúndur heyrir stutt hljóðmerki. Eftir u.þ.b. 10 sekúndur heyrir lengra hljóðmerki og forritunarljósið logar stöðugt. Öllum tengingum hefur verið eytt.
- Farið úr forritunarstillingu.

Samtenging reykskynjara könnuð

Hægt er að kanna þráðlausa samtengingu reykskynjarans áður en hann er settur upp.

- Til að virkja reykskynjarann handvirkt: Haldið innri virkjunarhnappinum inni (frumstilling tekur u.þ.b. 30 s). Ekki sleppa virkjunarhnappinum á meðan athugun er í gangi!



Í prófunarstillingu er slökkt á hljóðmerki reykskynjara

Þegar sett hefur verið í prófunarstillingu gefur reykskynjarinn ekki frá sér hljóðmerki.

- Setjið af stað prófunarviðvörun á reykskynjaranum.
- Þegar viðvörunarboð berast logar forritunarljósið á þráðlausu einingunni. Þráðlausa einingin hefur þá verið tengd með réttum hætti.
- Styðjið á "Prog."-hnappinn: Farið er úr prófunarstillingu.

Virkní prófuð

Virkniprófunin er handvirk prófun á reykskynjaranum.

Virkní reykskynjara prófuð

Farið eftir öllum leiðbeiningum um hvernig prófa skal virkní reykskynjarans Dual Q í uppsetningar- og notkunarleiðbeiningum reykskynjarans Dual Q.

Töf á merkjagjöf þráðlausrar einingar

Þráðlausa einingin kannar móttöku viðvörunarboða á 60 sekúndna fresti. Af þessum sökum geta liðið allt að 60 sekúndur þar til þráðlausa einingin staðfestir móttöku.

- Setjið virkniprófunina af stað á reykskynjaranum. Að 5 sekúndum liðnum heyrir hljóðmerki og ljóshringurinn blikkar. Hinir þráðlaust samtengdu reykskynjararnir gefa eingöngu frá sér hljóðmerki (í síðasta lagi eftir 60 sekúndur).

Þráðlausar sendingar

Þráðlausu sendingarnar fara ekki um lokaða leið og er því ekki hægt að útiloka truflanir. Þráðlausar sendingar henta ekki fyrir notkun í öryggisskyni (s.s. neyðarstopp eða neyðarhringingar). Drægi þráðlauss kerfis fer eftir afli senda, eiginleikum móttakara, rakastigi, uppsetningarhæð og eiginleikum byggingarinnar. Dæmi um smygni gegnum efni:

Purrt efni	Í gegn
Viður, gifs, gifsplötur	u.þ.b. 90%
Múrsteinar, spónaplötur	u.þ.b. 70%
Styrkt steinsteypa	u.þ.b. 30%
Málmur, málmgrindur, álþynnur	u.þ.b. 10%
Regn, snjór	u.þ.b. 0–40%

Skipt um rafhlöðu

Þrjú hljóðmerki með 30 sekúndna millibili gefa til kynna að rafhlaðan sé að tæmast.

- Losið reykskynjarann af uppsetningarplötunni eða 230 V sökklinum.
- Opnið rafhlöðuhólf þráðlausu einingarinnar og fjarlægðið rafhlöðuna.
- Skiptið tómu rafhlöðunni út fyrir nýja rafhlöðu af sömu gerð (sjá tæknilýsingu) og lokið rafhlöðuhólfinu aftur.
- Setjið reykskynjarann aftur upp. Bíðið á meðan frumstilling fer fram (í u.þ.b. 30 sekúndur). Þráðlausa einingin sendir áfram frá sér merki um að rafhlaðan sé að tæmast.
- Setjið prófunarviðvörun í gang á Dual Q reykskynjaranum. Að henni lokinni sendir þráðlausa einingin merki um að rafhlaðan sé í lagi í 30 sekúndur. Samtengdu reykskynjararnir móttaka þá nýja merkið og staðfesta það.

Þegar „Rafhlaða að tæmast“ birtist heyrast þessi hljóðmerki (án hljóðviðvörunar):

- Þrjú hljóðmerki á 30 sekúndna fresti á reykskynjaranum sem sendir merki um að rafhlaðan sé að tæmast og
- tvö hljóðmerki á 10 mínútna fresti á samtengdu reykskynjurunum.



Þráðlaust samtengdur reykskynjari sendir röng boð

Við tiltekna aðstæður (t.d. þegar móttökuskilyrði eru léleg) getur verið að þráðlaust samtengdur Dual Q reykskynjari sendi áfram frá sér merki um að rafhlaða sé að tæmast jafnvel þótt skipt hafi verið um rafhlöðuna í þráðlausu einingunni í þráðlausa Dual Q reykskynjaranum sem sendi boðin. Takið hljóðið af Dual Q reykskynjaranum sem sendir röng boð. Þegar hljóðið er sett aftur á (handvirkt eða sjálfkrafa að 15 mínútum liðnum) er gamla merkið um að rafhlaðan sé að tæmast endurstíllt og Dual Q reykskynjarinn sendir ekki lengur frá sér merki um að lítið sé eftir á rafhlöðunni.



Takið tómar rafhlöður strax úr og fargið þeim á umhverfisvænan hátt. Flegið rafhlöðum ekki með heimilissorpi. Upplýsingar um umhverfisvæna förgun fást hjá þar til bæru yfirvaldi á hverjum stað. Lögum samkvæmt ber notendum að skila notuðum rafhlöðum.

Tæknilýsing

Spennugjafi:	Rafhlaða þráðlausu einingarinnar
Rafhlaða	
Framleiðana:	VARTA
Gerð:	2/3 AA litíum
Rýmd:	3 V
Senditíðni:	433,42 MHz, ASK
Drægi sendingar:	100 m (á opnu svæði)
Sendistyrkur:	háms. 10 mW
Umhverfishiti:	-5 °C til +50 °C
Hlíðarflokkur:	IP 20

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum. Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (séerverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjatar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.